

Nr. 58.
15.
sept.

Auglýsing

um

samning milli Danmerkur og Svíþjóðar og Noregs um að ríkin skuli veita nauðstöddum sjómönnum hvors annars hjálp í einstökum tilfellum.

Í stjórnarráði utanríkismálanna hefur 10. ágúst 1883 verið ritað undir svofeldan samning:

Þar eð stjórn Hans hátignar, Danmerkur konungs, og stjórn Hans hátignar, konungsins í Svíþjóð og Noregi, vilja setja ákvæði um hjálp þá, er veita á í einstökum tilfellum nauðstöddum sjómönnum beggja ríkjanna, þá hafa undirritaðir, er fengið hafa tilhlýðilegt umboð til þess, gert svofeldan samning:

Þá er sjómaður úr öðru samningsríkinu hefur haft þjónustu á skipi frá hinu samningsríkinu, og verður síðan eftir hjálparlaus fyrir skipbrot eða aðrar orsakir í einhverju landi öðru en ríkjum þessum, eða í nýlendum þess, eða í landi þess ríkis eða nýlendum, er skipið hefur flagg sitt frá, þá er stjórnin í þessu síðastnefnda ríki skyld til þess að liðsinna sjómanni þessum, þangað til hann ræður sig á skip aftur, fær aðra atvinnu eða kemur aftur til föðurlands síns eða deyr.

Þó er ráð fyrir því gert, að sjómaður sá, er svo er ástatt fyrir, sem áður er sagt, noti fyrsta tækifæri, er býðst, til þess að færa sönnur á um neyð sína og orsakir, er valdið hafa, fyrir hlutaðeigandi yfirvaldi í ríki því, er styrks er leitað hjá, og á hann auk þess að sýna fram á, að neyð hans eigi eðlilega rót sína í því, að þjónustu hans á skipinu var lokið. Að öðrum kosti missir sjómaðurinn það tilkall, er hann átti til liðsinnis.

Þessa liðsinniskröfu hefur hann eigi heldur, þá er hann hefur strokið frá skipi eða verið rekinn frá því fyrir verk, er hegning liggur við, eða þá er hann hefur verið skilinn eftir vegna þess, að hann hefur verið óhæfur til þjónustu vegna sjúkdóms eður meiðsla, er hann hefur bakað sjer sjálfur.

Nr. 58. Auglýsing 15. sept. um samning milli Danmerkur og Svíþjóðar og Noregs um að ríkin skuli veita nauðstöddum sjómönnum hvors annars hjálp í einstökum tilfellum.

Bekendtgørelse

Nr. 58.
15.
Septbr.

angaaende

en mellem Danmark og Sverig-Norge afsluttet Deklaration om gensidig Understøttelse i visse Tilfælde af trængende Søfolk.

Den 10. August 1883 er der i Udenrigsministeriet blevet undertegnet følgende Deklaration:

Da Hans Majestæt Kongen af Danmarks Regering og Hans Majestæt Kongen af Sverige og Norges Regering ønske at træffe Bestemmelse om den Understøttelse, som i visse Tilfælde skal ydes nødlidende Sømand fra de respektive Lande, ere Undertegnede, efter dertil behørigen meddelt Bemyndigelse, komne overens om følgende:

Naar en Sømand fra en af de kontraherende Stater, efter at have gjort Tjeneste ombord paa et Fartøj, tilhørende den anden Stat, formedelst Skibbrud eller andre Aarsager bliver efterladt i hjælpeløs Forfatning i en tredje Stat eller dennes Kolonier, eller i den Stats Territorium eller Kolonier, hvis Flag Fartøjet fører, skal sidstnævnte Stats Regering være forpligtet til at understøtte Sømanden, indtil han faar ny Hyre eller anden Beskæftigelse eller indtil han ankommer til den Stat, hvor han hører hjemme, eller indtil han dør.

Herved forudsættes imidlertid, at en Sømand, som er i det i foregaaende Afsnit omhandlede Tilfælde, benytter den første Lejlighed, som tilbyder sig, til for vedkommende Funktionær for den Stat, af hvilken Understøttelsen begæres, at godtgøre sin trængende Forfatning og de Aarsager, som have hidført den, og maa han derhos paa vise, at hans Hjælpeløshed er den naturlige Følge af, at hans Tjeneste paa Fartøjet er ophørt. I Mangel deraf ophører Sømandens Ret til Understøttelse.

Saadan Ret har Sømanden heller ikke, naar han er rømt eller er afskediget fra Skibet for en strafbar Handling, eller naar han er efterladt paa Grund af Tjenestedygtighed, forvoldt ved selvforskyldt Sygdom eller Beskadigelse.

Nr. 58. Bekg. af 15. Septbr. angaaende en mellem Danmark og Sverig-Norge afsluttet Deklaration om gensidig Understøttelse i visse Tilfælde af trængende Søfolk.

Nr. 58. Styrkurinn nær til viðurværis, fatnaðar, læknishjálpar, lyfja og ferðakostnaðar, og greftrunarkostnaðar, ef hann deyr.
15. sept.

Samningur þessi öðlast gildi 1. nóvember 1883, og heldur áfram að vera í gildi, þangað til annarhvor sammingsaðila með árs fresti tilkynnir hinum, að það sje ósk hans, að samningurinn skuli úr gildi falla.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir ritað undir samning þenna og sett á hann innsigli sín.

Gefið út í Kaupmannahöfn í tvennu lagi 10. ágúst 1883.

(L. S.) (undirr.) **O. D. Rosenørn-Lehn.**

(L. S.) (undirr.) **Lave Beck-Friis.**

Þetta gerist hjermeð að gefnu tilefni öllum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 15. september 1911.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.

Understøttelsen omfatter Underholdning, Beklædning, Lægehjælp, Medicin og Nr. 58.
 Rejseudgifter og, i Tilfælde af Dødsfald, Begravelsesomkostninger. 15.
 Septbr.

Nærværende Overenskomst skal træde i Kraft den 1. November førstkommende og forbliver gældende indtil en af de kontraherende Parter, med et Aars Varsel, maatte forkynde for den anden Part sin Hensigt at lade den træde ud af Kraft.

Til Bekræftelse heraf have Undertegnede underskrevet nærværende Overenskomst og forsynet den med deres Segl.

Udfærdiget in duplo i Köbenhavn den 10. August 1883.

(L. S.) (undert.) **O. D. Rosenörn-Lehn.**

(L. S.) (undert.) **Lave Beck-Friis.**

Hvilket herved paa dertil given Foranledning bringes til offentlig Kundskab.

Islands Ministerium, den 15. September 1911.

Kristján Jónsson.

Jón Hermannsson.